

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Prófblað 1 af 2

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)
ATH. Prófið er tvískipt: Sjá sérstakt prófblað vegna, Félagaréttur (30%)

Prófdagur: 3. nóvember 2010 Kl.: 17:00-21:00

Úrlausnartími: 4 klst. Prófbloð: 4 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir Fylgiblöð:

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvísvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMEREI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. Krossar (30,0%)

Takið afstöðu til eftirfarandi.

Athugið eftirfarandi:

- i. Að vægi hverrar spurningar / fullyrðingar er jafnt (2,5%).
- ii. Að dregið er frá 0,75% fyrir hvert rangt svar.
- iii. Ef þið takið ekki afstöðu til spurningar telst svarið hvorki rétt né rangt.
- iv. Aðeins annar tveggja svarmöguleika er réttur.
- v. Lesið spurningarnar vandlega yfir áður en svarað er.

1. A og B höfðu rætt um kaup hins síðarnefnda á fellihýsi A. A sendi B tölvubréf í tilefni þessa sem bar yfirskriftina „Kaup á fellihýsi“ og sem í stóð: „Ertu maður eða mús?“ B svaraði með tölvubréfi um hæl: „...læt slag standa“. Gæti bindandi samningur talist vera kominn á í ljósi reglna samningaréttar?

- Já
 Nei

2. A framselur B kröfu sína (*ekki* viðskiptabréfakrafa) á hendur C. C telur sig eiga mótbáurur vegna kröfunnar. Getur B þurft að sæta slíkum mótbáurum ef B var grandlaus um þær á tímamarki framsals?

- Já
 Nei

3. A, sem gangandi vegfarandi, dettur í skurð þar sem verkframkvæmdir eiga sér stað. Getur A kafið verktaka um efnda- og / eða vangildisbætur enda liggi að sönnu fyrir saknæm háttsemi verktakans?

- Já
 Nei

4. A og B gerðu með sér samning um sölu hins fyrrnefnda á 50% eignarhlut sínum í félaginu X hf. til B. Verð eignarhlutarins var 100 milljónir ÍSK. Í ljós kemur að virði félagsins á tímamarki sölunnar var hins vegar 150 milljónir ÍSK. Ef í kaupsamningi var ekki kveðið á um að verðmæti félagsins svaraði til verðs bréfanna, útilokar það beitingu vanefndaúrræða af hálfu B?

- Já
 Nei

5. Skilyrði fyrir greiðslu kaupanda samkvæmt kaupsamningi, sem ritað er inn í samninginn, telst forsenda í skilningi samningaréttar?

- Rétt
 Rangt

6. Samhliða ógildingum samnings á grundvelli ógildingarreglna samningaréttar er unnt að krefjast skaðabóta sem gera mann eins settan og ef samningur hefði réttilega verið efndur.

- Rétt
 Rangt

7. A kaupir skuldabréf á sjálfan sig á hagstæðu verði með það í huga að endurselja bréfið með hagnaði. Geta verið annmarkar á slíku í kröfuréttarlegu tilliti?

- Já
 Nei

8. Fjárhagsleg niðurstaða (réttaráhrif) ógildingar samnings og riftunar er alltaf hin sama þótt skilyrðin fyrir beiingu þessara úrræða séu mismunandi.

- Rétt
- Rangt

9. Krafa á hendur aðila um athafnaleysi hans getur ekki verið grundvöllur bótaskyldu?

- Rétt
- Rangt

10. Samningur getur ekki hvort tveggja verið andstæður 33. gr. og 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

- Rétt
- Rangt

11. A selur B félagið C á 100 milljónir ÍSK. Í ljós kemur að virði C var á samningsdegi 300 milljónir ÍSK. A telur samninginn hafa verið ósanngjarnan. Getur A með réttu krafist efndabóta (skaðabóta innan samninga) úr hendi B?

- Já
- Nei

12. A gerir munnlegan samning við B um kaup á félaginu C. A segist hafa gert þennan samning „í hálfkæringi“. B upplifði ekki samtal aðila þannig. Gæti bindandi samningur talist hafa komist á?

- Já
- Nei

2. Raunhæft verkefni (20,0%)

A sem hefur mikla reynslu af fjármálamörkuðum hefur átt í umfangsmiklum viðskiptum, í formi gjaldmiðlaskiptasamninga (skipti á gjaldmiðlum), við bankann B. Samkvæmt útreikningum bankans B stendur A í skuld við B, sem er jafnframt gjaldfallin, að fjárhæð 1,45 milljarða ÍSK. A hefur hins vegar ekki viljað viðurkenna greiðsluskyldu. Í því sambandi hefur A meðal annars borið fyrir sig: að samningarnir hafi allir verið gerðir munnlega en ekki skriflega; að A hafi hreinlega „ekki skilið“ inntak samninganna á þeim tíma sem þeir voru gerðir; og að bankinn B hafi í öðrum viðskiptum á sama tíma „tekið stóra stöðu gegn íslensku krónunni“ sem hafi leitt til gengisfalls umfram það sem nokkurn óraði fyrir.

Takið rökstudda afstöðu til eftirfarandi atriða:

- (i) hvaða *reglur samningaréttar*, lögfestar sem ólögfestar, er raunhæft að A gæti reynt að byggja varnir sínar á, þ.e. miðað við málsatvikalýsingu (10%);
- (ii) hefur það sérstaka þýðingu fyrir skuldbindingargildi samninganna, samkvæmt *meginreglum samningaréttar*, að samningarnir voru munnlegir (2%);
- (iii) ef að bankinn B myndi framselja kröfuréttindi sín (ekki er um viðskiptabréf að ræða) til nýs félags (nýs kröfuhafa, framsalshafa) gæti A, samkvæmt *meginreglum kröfuréttar*, komið að sömu vörnum / mótbárum gagnvart hinu nýja félagi (nýjum kröfuhafa, framsalshafa) og hann kæmi að gagnvart A (3%);
- (iv) þyrfti B, samkvæmt *meginreglum kröfuréttar*, að afla samþykkis A fyrir framsali kröfuréttinda B á hendur A (2%); og

- (v) gefur málsatvikalýsingin tilefni til að ætla að A geti byggt á *vanefndaúrræðum kröfuréttar* gagnvart B (3%).

Rétt er að taka fram að eingöngu á að svara spurningunum út frá reglum samninga- og kröfuréttar, þ.m.t. samningalaga nr. 7/1936. Ekki er ætlast til að vísað sé í svörum til annarra laga og réttarreglna sem kynnu að öðrum kosti að eiga við.

3. Ritgerð (20,0%)

Svarið *annað hvort* A eða B.

A) Lýsið í stuttu máli helstu *vanefndaúrræðum kröfuréttar* og muninum á *vanefndaúrræðum kröfuréttar* og ógildingarreglum samningaréttar.

B) Lýsið í stuttu máli eftirfarandi:

- (i) hugtakinu *loforð* í skilningi fjármunaréttar;
- (ii) skaðabótum *innan og utan* samninga;
- (iii) *vilja-* og *traustkenningunni* við túlkun samninga og hvor túlkunaraðferðin sé líklegri til að gilda um túlkun löggerninga á sviði fjármálamarkaða; og
- (iv) *efndabótum* og *vangildisbótum*;